



## Tilkynning um Kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Búið til	1.12.2023 09:45:23
Höfundur	[REDACTED]
Sent	1.12.2023 09:45:23
Tilheyrir	USK23120007 - Mál úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. ÚNU23110015 vegna synjunar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um afhendingu gagna, v. Vy-prif ehf.

### Efni

Tilkynning um Kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	1.12.2023 09:45:23	Staða	Tilkynning
Eigandi	[REDACTED]	Tímamörk	
Málalykill	00.14.02 Kæzur og dómsmál		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	[REDACTED]
Til	[REDACTED]

### Innihald

Tilkynning um - Kæra til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna synjunar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á gögnum í máli Vy-prif ehf

[Click here to open record](#)

**From:** Hilmar Garðars Þorsteinsson [REDACTED]  
**Sent:** mánudagur, 20. nóvember 2023 10:26  
**To:** Úrskurðarnefnd um upplýsingamál  
**Cc:** [REDACTED]  
**Subject:** Fwd: Kæra í máli VY-þrifa

**Sent to GoPro Case:** -1

Góðan dag

Hér með er kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál ofangreind ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að neita að afhenda afrit af kæru eftirlitsins til lögreglu í máli VY-þrifa ehf.

Byggt er á því að 4. gr. upplýsingalaga eigi ekki við í málinu.

Eftirlitið fær afrit af kærinni.

Virðingarfyllst,

Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður



Sími 5 333 222, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

----- Forwarded message -----

**From:** Snædís Karlsdóttir Bergmann [REDACTED]  
**Date:** Mon, Nov 20, 2023 at 9:52 AM  
**Subject:** RE: Kæra í máli VY-þrifa

**To:** [REDACTED]  
**Cc:** [REDACTED]

Sæll Hilmar

Umbeðin kæra til lögreglu er undanþegin upplýsingalögum þar sem hún er hluti af rannsókn sakamáls sbr 4. gr. upplýsingalaga.

Heimilt er að bera synjun beiðni um aðgang að gögnum samkvæmt upplýsingalögum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál innan 30 daga frá því að tilkynnt er um ákvörðun.

[Stjórnarráðið | Úrskurðarnefnd um upplýsingamál \(stjornarradid.is\)](#)

Kveðja



**Snædís K. Bergmann**

Lögfræðingur

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa stjórnslu og gæða

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14

105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

Notandi: "Hilmar Garðars Þorsteinsson" [REDACTED]  
Dagsetning: 17.11.2023 11:09:21  
Til: "Heilbrigðiseftirlit" <[heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is](mailto:heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is)>  
Efni: Kæra í máli VY-þrifa

-----  
Góðan dag

Á grundvelli upplýsingalaga er vinsamlega óskað eftir afriti af kærri heilbrigðiseftirlitsins til lögreglu í máli VY-þrifa.

Virðingarfyllt,

Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður

Sími 5 333 222, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

[IMAGE][IMAGE]



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

## **Efni: Umsögn heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) í máli ÚNU23110015 vegna synjunar á beiðni um aðgang að gögnum**

### **Málavextir**

Þann 17. nóvember s.l. óskaði kærandi eftir afriti af kæru heilbrigðiseftirlitsins til lögreglu í máli Vy-þrifa ehf. Mánudaginn 20. nóvember synjaði HER kæranda um aðgang að umbeðnum gögnum á þeim forsendum að þau væru undanþegin upplýsingalögum þar sem þau væru hluti af rannsókn sakamáls, sbr. 4. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Samdægurs var synjunin kærð og byggt á því að 4. gr. upplýsingalaga ætti ekki við í málinu.

### **Afstaða heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur**

Mál Vy-þrifa ehf. hefur verið til skoðunar hjá HER síðustu misseri. Við vinnslu málsins og í kjölfar eftirlitsferða kom í ljós að ástæða væri til þess að kæra fyrirtækið til lögreglu. Kærandi hefur farið fram á aðgang að þessari kæru.

Gögn í þessu tiltekna máli hafa verið nokkuð umsetin, enda um mál að ræða sem hefur vakið athygli fjölmiðla. Áður en gagnabeiðni kæranda barst hafði HER leitað til ráðgjafa um upplýsingarétt almennings varðandi álitaefni um hvaða gögn eftirlitinu bæri að afhenda og hvort rétt væri eftirvill að undanskilja hluta þeirra.

Ráðgjafi um upplýsingarétt almennings benti á að ekki væri að finna mikla umfjöllun um ákvæði 1. mgr. 4. gr. í úrskurðum úrskurðanefndar um upplýsingamál og að úrskurðaframkvæmd væri misvísandi. Hins vegar var bent á að Umboðsmaður Alþingis hefði fjallað um sambærilegt ákvæði í 6. mgr. 15. gr. stjórnarsýslulaga, sem takmarkar upplýsingarétt aðila máls.

Í máli nr. 3309/2001 segir umboðsmaður:

Samkvæmt fyrri málslið 3. mgr. 15. gr. stjórnarsýslulaga er gildissvið ákvæðisins takmarkað við rannsókn og saksókn í opinberu máli. Í síðari hluta ákvæðisins segir þó m.a. að „sakborningur“ geti krafist þess að fá að kynna sér málgögn eftir að mál hans hefur verið fellt niður eða því lokið með öðrum hætti. Er því aðeins um það að ræða að maður sem grunaður er um refsivert athæfi hafi að jafnaði ekki sama aðgang að skjölum og gögnum máls og aðili stjórnarsýslumáls, sjá álit mitt frá 24. september 2001 í málum nr. 2896/1999 og 2954/2000.



Skýra verður 3. mgr. 15. gr. þröngt enda felur ákvæðið í sér undantekningu frá meginreglu 1. mgr. 15. gr. laganna um upplýsingarétt aðila máls. Almennt verður því að miða við að þau gögn, sem óskað er aðgangs að, falli aðeins undir umrætt ákvæði 3. mgr. 15. gr. ef þeirra hefur verið aflað af hálfu lögreglu eða annars stjórnvalds sem hefur það hlutverk með höndum að lögum að rannsaka hvort framin hafi verið refsiverð háttsemi. Þá hafi slíkt stjórnvald heimildir til þess að lýsa því yfir að aðili máls hafi réttarstöðu sakbornings við slíka rannsókn og geti eftir atvikum gert tilteknar ráðstafanir í tilefni af rannsókn, s.s. með útgáfu ákæru eða beitingu sekta í tilefni af refsiverðu athæfi. Það eitt að löggjafinn hafi ákveðið að eftirlitsstjórnvald skuli hafa heimildir þær sem greinir í lögum nr. 19/1991 til þess að afla gagna ræður því ekki úrslitum um það hvort slík gögn falli undir 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Tel ég að á þeim tíma sem líður frá því að eftirlitsstjórnvald, sem að lögum hefur ekki það verkefni með höndum að rannsaka hvort framin hafi verið refsiverð háttsemi, hefur athugun á málefnum eftirlitsskylds aðila, og þar til það tekur ákvörðun um að rétt sé að vísa máli til lögreglu, geti mál að jafnaði ekki fallið undir ákvæði 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga, sjá hér til samanburðar John Vogter: Forvaltningsloven med kommentarer. Kaupmannahöfn (1999), bls. 271.

Sjá einnig mál nr. 3309/2001 þar sem umboðsmaður segir:

Almennt verður því að miða við að þau gögn, sem óskað er aðgangs að, falli aðeins undir umrætt ákvæði 3. mgr. 15. gr. ef þeirra hefur verið aflað af hálfu lögreglu eða annars stjórnvalds sem hefur það hlutverk með höndum að lögum að rannsaka hvort framin hafi verið refsiverð háttsemi. Þá hafi slíkt stjórnvald heimildir til þess að lýsa því yfir að aðili máls hafi réttarstöðu sakbornings við slíka rannsókn og geti eftir atvikum gert tilteknar ráðstafanir í tilefni af rannsókn, s.s. með útgáfu ákæru eða beitingu sekta í tilefni af refsiverðu athæfi. Það eitt að löggjafinn hafi ákveðið að eftirlitsstjórnvald skuli hafa heimildir þær sem greinir í lögum nr. 19/1991 til þess að afla gagna ræður því ekki úrslitum um það hvort slík gögn falli undir 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Tel ég að á þeim tíma sem líður frá því að eftirlitsstjórnvald, sem að lögum hefur ekki það verkefni með höndum að rannsaka hvort framin hafi verið refsiverð háttsemi, hefur athugun á málefnum eftirlitsskylds aðila, og þar til það tekur ákvörðun um að rétt sé að vísa máli til lögreglu, geti mál að jafnaði ekki fallið undir ákvæði 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tók því ákvörðun, m.t.t. þess sem að framan greinir að veita aðgang að þeim hluta gagna málsins sem urðu til fram að þeim tíma sem tekin var ákvörðun um að vísa málinu til lögreglu. HER telur að kæran sé gagn sem til hafi orðið eftir að ákvörðun var tekin um að vísa málinu til lögreglu og sé því undanskilin rétti almennings til aðgangs að gögnum. HER telur, líkt og áður hefur komið fram, að umbeðin gögn séu hluti af rannsókn sakamáls, sbr. 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga.

F.h. heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Snædís Karlsdóttir Bergmann  
*Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur*  
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða*

## ÚRSKURÐUR

Hinn 18. janúar 2024 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp svohljóðandi úrskurð nr. 1170/2024 í máli ÚNU 23110005.

**Kæra, málsatvik og málsmeðferð**

Með erindi, dags. 20. nóvember 2023, kærði Hilmar Garðars Þorsteinsson synjun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á beiðni hans um aðgang að kærðu eftirlitsins til lögreglu í máli Vy-Þrifa ehf. Kærandi óskaði hinn 17. nóvember 2023 eftir aðgangi að kærinni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur synjaði honum um aðgang að kærinni hinn 20. nóvember sama ár, þar sem hún væri undanþegin gildissviði upplýsingalaga á þeim grundvelli að hún væri hluti af rannsókn sakamáls, sbr. 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012. Í kærðu til úrskurðarnefndarinnar byggir kærandi á því að ákvæðið eigi ekki við í málinu.

Kæran var kynnt Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með erindi, dags. 23. nóvember 2023, og eftirlitinu veittur kostur á að koma á framfæri umsögn um kæruna. Jafnframt var þess óskað að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur léti úrskurðarnefnd um upplýsingamál í té afrit af þeim gögnum sem kæran lýtur að.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ásamt umbeðnu gagni bárust úrskurðarnefndinni hinn 1. desember 2023. Í henni kemur fram að leitað hafi verið ráðgjafar ráðgjafa um upplýsingarétt almennings um það hvaða gögn málsins bæri að afhenda. Ráðgjafinn hafi tjáð eftirlitinu að úrskurðarframkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál væri misvísandi um túlkun á inntaki 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga en að hafa mætti hliðsjón af 6. mgr. 15. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, sem mælti fyrir um sambærilega takmörkun á upplýsingarétti aðila að stjórnslumáli. Umboðsmaður Alþingis hafi meðal annars túlkað ákvæðið á þann veg að frá þeim tíma sem eftirlitsstjórnvald, sem að lögum hefði ekki það verkefni með höndum að rannsaka hvort framin hefði verið refsiverð háttsemi, hæfi athugun á málefnum eftirlitsskylds aðila og þar til það tæki ákvörðun um að rétt væri að vísa máli til lögreglu, gæti málið ekki fallið undir takmörkunarákvæðið, sbr. álit umboðsmanns í máli nr. 3309/2001.

Í samræmi við framangreint hafi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ákveðið að veittur skyldi aðgangur að þeim hluta gagna málsins sem hafi orðið til fram að þeim tíma sem tekin var ákvörðun um að vísa málinu til lögreglu. Heilbrigðiseftirlitið telji að kæran sé gagn sem hafi orðið til eftir að tekin var ákvörðun um að vísa málinu til lögreglu, og að hún sé þannig undanskilin gildissviði upplýsingalaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur var kynnt kæranda með bréfi, dags. 5. desember 2023, og honum veittur kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum. Kærandi brást við erindi nefndarinnar samdægurs og kvaðst ítreka fyrri kröfu um aðgang að kærinni. Hinn 14. desember 2023 bárust nefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur afrit af eftirlitsskýrslum í málinu auk bréflagra samskipta milli eftirlitsins og Vy-Þrifa.

**Niðurstaða**

Mál þetta varðar ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að synja beiðni kæranda um aðgang að kærðu eftirlitsins til lögreglu í máli Vy-Þrifa ehf. Fyrir liggur að eftirlitið taldi fyrirtækið hafa brotið fjölmörg ákvæði laga um matvæli, nr. 93/1995, og reglugerða sem settar hafa verið með stoð í þeim. Um væri að ræða alvarleg brot sem gætu hafa ógnað öryggi neytenda og valdið þeim heilsutjóni ef matvælin



hefðu ratað til neytenda með beinum eða óbeinum hætti. Ákvað eftirlitið með vísan til 4. mgr. 31. gr. laga nr. 93/1995 að kæra meint brot Vy-Þrifa á matvælalögum til lögreglu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar og sér m.a. um að framfylgja lögum um matvæli og sinnir samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna opinberu eftirliti undir yfirstjórn Matvælastofnunar með framleiðslu og dreifingu matvæla. Heilbrigðisnefnd hefur heimildir til að beita þvingunarúrræðum samkvæmt 30. gr. til 30. gr. c laganna, og skal við meðferð slíkra mála fara eftir ákvæðum stjórnáráðslulaga og öðrum reglum stjórnáráðsluréttar, sbr. 30. gr. d laganna. Í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur fram að brot gegn ákvæðum laganna og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim varði sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Í 4. mgr. sömu greinar segir að mál út af brotum samkvæmt greininni skuli sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að synja kæranda um aðgang að kæru til lögreglu er byggð á 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, þar sem mælt er fyrir um að lögin gildi ekki um rannsókn sakamáls eða saksókn. Í athugasemdum við 4. gr. í frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum er tilgreint að um aðgang að gögnum í slíkum málum fari að sérákvæðum laga um meðferð sakamála. Þær reglur sem mæla fyrir um aðgang að rannsóknargögnum sakamáls tryggja almenningi ekki rétt til aðgangs að gögnunum. Þar sem 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga þrengir gildissvið laganna og rétt almennings til aðgangs að gögnum mála sem þar er mælt fyrir um verður að leggja til grundvallar að ákvæðið skuli túlkað þröngri lögskýringu. Þannig teljist það að meginstefnu aðeins til rannsóknar sakamáls þegar mál er rannsakað með það að markmiði að komast að raun um hvort refsiverð háttsemi hafi verið viðhöfð og skapa viðhlítandi grundvöll undir ákvörðun um hvort ákæra verði gefin út. Ljóst er samkvæmt ákvæðum laga um matvæli að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ekki það hlutverk með höndum.

Úrskurðarnefndin telur að sú kæra sem óskað hefur verið aðgangs að í málinu beri ekki annað með sér en að hafa orðið til eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ákvað að vísa málinu til lögreglu. Því verður að líta svo á að aðgangur að kærinni verði ekki byggður á ákvæðum upplýsingalaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. upplýsingalaga, og synjun um aðgang að henni þannig ekki kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna. Verður kærinni því vísað frá úrskurðarnefndinni.



## Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

### Úrskurðarorð

Kæru Hilmars Garðars Þorsteinssonar, dags. 20. nóvember 2023, er vísað frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.



Trausti Fannar Valsson  
formaður



Hafsteinn Þór Hauksson



Sigríður Árnadóttir